

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakka-  
hreppi í Suður-Þingeyjarsýslu og jörðina Rjúpnafell í Norður-Múlasýslu.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki  
voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja sveitarsjóði Grýtubakkahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu eftirtalдар eyðijarðir þar í hreppi: Gil, Tindriðastaði, Brekku, Þönglabakka, Botn og Keflavík.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Val Guðmundssyni, Fremri-Hlíð, jörðina Rjúpnafell í Vopnafjarðarhreppi.

## 3. gr.

Verð jarðanna, sbr. 1. og 2. gr., fer eftir því, sem um semst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1967.*

**Bjarni Benediktsson.**

**Birgir Finnsson.**

**Gizur Bergsteinsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki  
voru:

## 1. gr.

Hreppsnefnd Miklaholtshrepps er heimilt að selja ábúanda kristfjárjörðina Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi fyrir það verð, er um semst eða metið verður af dómkvöddum mönnum, enda verði andvirði jarðarinnar varið í samræmi við ákvæði gjafabréfs fyrir henni.

**2. gr.**

Heimilt er hreppsnefnd Miklaholtshrepps að mynda sjóð af söluandvirði jarðarinnar Litlu-Þúfu. Skal sjóðurinn bera nafn gefanda jarðarinnar, Gísla Árnasonar, og vera í umsjá hreppsnefndarinnar.

Skal heimilt að verja allt að  $\frac{2}{3}$  hlutum af tekjum sjóðsins til hins nýja barna- og unglingaskóla í Laugargerði.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1967.*

**Bjarni Benediktsson.**

**Birgir Finnsson.**

**Gizur Bergsteinsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

**ORKULÖG.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

**I. KAFLI****Um Orkustofnun.****1. gr.**

Orkustofnun starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með raforkumál. Stofnunin tekur við öllum eignum og tekur á sig efndir á skuldbindingum embættis raforkumálastjóra að undanskildum þeim, er um ræðir í 56. gr.

**2. gr.**

Hlutverk Orkustofnunar er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál.
2. Að annast:
  - Yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra;
  - yfirlitsrannsóknir í orkubúskap þjóðarinnar, er miði að því, að unnt sé að tryggja, að orkuþörf þjóðarinnar sé fullnægt og orkulindir landsins hagnýttar á sem hagkvæmasta hátt á hverjum tíma;
  - aðrar rannsóknir á sviði orkumála, eftir því sem tilefni gefast, og ef við á gegn greiðslu.
3. Að halda skrá um orkulindir landsins. Skulu tilgreindar í skránni allar þær upplýsingar, sem máli skipta, eins og þær eru bezt vitaðar á hverjum tíma.
4. Að vinna að áætlunargerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda landsins. Um þetta skal Orkustofnun hafa samvinnu við aðrar ríkisstofnanir og aðila, sem vinna að áætlunargerð til langs tíma.